

Handbók umhverfisfultrúa

Verkferlar, skipulag og framkvæmdir

JÓHANNA Þ. STURLAUGSDÓTTIR LANDMARK OG TINNA EIRÍKSDÓTTIR
TÓKU SAMAN.

Efnisyfirlit

Starfslýsing umhverfisfulltrúa	2
Dæmi um umhverfisverkefni innan skólans	2
Sjálfbærninefnd	3
Aðgerðaáætlun sjálfbærninefndar.....	3
Umhverfisráð/nefnd	4
Lýsing á umhverfisráði	4
Umhverfisráð verður umhverfisnefnd NFFÁ.....	4
Græfáninn	5
Umsóknarferlið	5
Grænu skrefin í ríkisrekstri	5
Umhverfisdagatal FÁ	6
Umhverfisstefna FÁ	7
Umhverfissáttmáli FÁ	7
Sjálfbærnistefna FÁ	7
Loftslagsstefna FÁ	8
Samgöngustefna FÁ	9

Starfslýsing umhverfisfulltrúa

Í starfi umhverfisfulltrúa felst að

- Hafa yfirumsjón með umhverfisverkefnum skólans
- Stýra Grænfánaverkefninu
- Eftirfylgni með Grænum skrefum í ríkisrekstri
- Vinna að stefnumótun skólans í umhverfismálum með stjórnendum
- Aðstoða umhverfisnefnd nemendafélagsins
- Stýra fundum sjálfbærninefndar
- Hafa yfirumsjón með umhverfisstefnu skólans
- Hafa yfirumsjón með sjálfbærnistefnu skólans
- Hafa umsjón með umsóknum um hvers kyns styrki á sviði umhverfismála
- Er í forsvari gagnvart samtökum og stofnunum sem vinna að umhverfismálum

Umhverfisfulltrúi fær greitt fyrir vinnuframlag sitt í samráði við skólastjórnendur. Skólaárið 2022 – 2023 eru tveir starfandi umhverfisfulltrúar sem fá hvor um sig greidda 50 tíma á önn.

Dæmi um umhverfisverkefni innan skólans

- Flokkun og flokkunarárangur
- Umhverfisvænar samgöngur
- Hringrásarhagkerfi
- Valdefling nemenda (umhverfisnefnd og Grænfánaverkefnið)
- Jafningjafræðsla nemenda/starfsfólks
- Heilsueflandi framhaldsskóli
- Hjólavottun
- Grænu skrefin í ríkisrekstri
- Jafnframt er skólinn UNESCO-skóli og hefur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu skólastarfi.

Sjálfbærniefnd

Sjálfbærniefnd Fjölbrautaskólans við Ármúla hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir öllum þáttum skólastarfs. Sjálfbærniefnd gerir aðgerðaáætlun til eins árs. Í aðgerðaáætluninni skulu koma fram mælanleg markmið og mælikvarðar sem verða notaðir til að meta starfið. Sjálfbærniefnd skilar skýrslu í lok hvers skólaárs um markmið og niðurstöður árangursmælinga. Í sjálfbærniefnd eiga sæti:

- Skólameistari og aðstoðarskólameistari
- Gæðastjóri
- Umhverfisfulltrúi/ fulltrúar
- Umsjónarmaður skólans
- Tveir kennarar af bóknámsbrautum
- Einn kennari sérnámsbrautar
- Einn kennari heilbrigðisskólans
- Einn starfsmaður af þjónustusviði
- Tveir fulltrúar nemenda

Æskilegt er að sjálfbærniefndin fundi 1. – 2. sinnum á önn

Aðgerðaáætlun sjálfbærniefndar

Sjálfbærniefnd gerir aðgerðaáætlun eitt skólaár í senn. Í áætluninni eiga að koma fram mælanleg markmið og mælikvarðar sem verða notaðir til að mæla og meta árangur í lok skólaárs.

Umhverfisráð/nefnd

Lýsing á umhverfisráði

Áfanginn UMRÁ1UR03 var verklegur áfangi sem var alltaf í boði og nær yfir haust- og vormisseri. Nemendur í umhverfisráði hittust einu sinni til tvisvar í viku á fundum með umhverfisfulltrúum. Nemendurnir tóku að sér ýmis verkefni tengd umhverfismálum í skólanum, t.d. umsjón með umhverfisfræðslutöflu, ganga í stofur og fræða nemendur um umhverfismál, sjá um uppkomur tengdar samgönguviku, vekja athygli á umhverfismálum á Degi íslenskrar náttúru og sjá um umhverfisdaga árlega. Að auki fengu nemendurnir fræðslu um afmörkuð málefni og fóru í vettvangsferðir m.a. í Sorpu, Gámapjónustuna eða héldu vinnufundi. Nemendur gátu verið í umhverfisráði tvö skólaár í röð og fengið allt að 3 feiningar fyrir hverja önn, alls 12 feiningar í heildina.

Umhverfisráð verður umhverfisnefnd NFFÁ

Skólaárið 2022/23 var ráðist í tilraunaverkefni að leggja niður umhverfisráðið og færa umhverfisstarf nemenda inn í nemendafélag skólans, NFFÁ. Hugmyndin að baki þessu var sú að gera umhverfisstarf nemenda óháðara umhverfisfulltrúanum en hingað til hafði verið. Verkefnið er tilraunaverkefni og tíminn mun leiða í ljós hvernig til tekst en æskilegast væri að umhverfisnefnd nemenda væri starfandi innan nemendafélagsins til frambúðar, bæði til að fá styrk í nafni fjölda nemenda sem taka þátt í starfi nemendafélagsins, en einnig að hafa umhverfisstarf nemenda þannig að umhverfisfulltrúinn er í raun óþarfur nema sem leiðbeinandi aðstoðarmaður þegar þörf krefur. Þar sem umhverfisstarfið innan skólans er langt komið og í raun er þetta spurning um að viðhalda árangri sem nú þegar hefur náðst gæti þetta verið góð leið bæði til að valdefla nemendur og einnig búa þannig um hlutina að hvaða starfsmaður skólans sem er gæti komið að umhverfisstarfi nemenda. Einnig, eftir að áfanginn UMHV2SJ05 varð að skyldu fyrir stóran hluta nemenda, varð til vettvangur til að efla umhverfisstarf skólans í gegnum þann áfanga.

Grænfáninn

Umhverfisfulltrúi annast umsókn Grænfánans, með aðstoð umhverfisnefndar. Nemendur sjá um að setja sér markmið fyrir tvö ár í senn en umsóknin er endurnýjuð á tveggja ára fresti, á sléttri tölu (s.s. 2018, 2020, 2022...). Hingað til hafa skýrslurnar verið langar og unnar af umhverfisfulltrúum en samkvæmt fundi umhverfisfulltrúa með fulltrúum Landverndar vorið 2022 er meira ekki betra, skýrslan þarf að vera hnitmiðuð og skýr og það tíðkast jafnvel að nemendur sjái nánast alfarið um að setja saman skýrsluna um umhverfisstarfið (með aðstoð) enda er Grænfánaferlið valdeflandi nemendamiðað verkefni.

Umsóknarferlið

Þegar skóli telur sig hafa tekið öll nauðsynleg skref að grænfána og náð markmiðum sínum, sækir hann um grænfánann. Send er rafræn umsókn og greinargerð um hvernig skrefin sjö voru stigin og hvernig unnið var að markmiðum. Skrefin sjö sem um ræðir má sjá hér: <https://landvernd.is/graefaninn/skrefin-7/>. Í FÁ er þetta spurning um að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur frá því skólinn fékk fyrsta grænfánann. Umsókn þarf að fylgja greinargerð þar sem fram kemur hvernig skrefin sjö voru stigin frá síðasta fána (eða frá því að skóli skráði sig í á græna grein sé hann að sækja um fyrsta fána). Greinargerð á að vera skýr og stutt.

Grænu skrefin í ríkisrekstri

Í október 2022 var staðfest að FÁ hafði lokið við 5. skrefið í Grænum skrefum í ríkisrekstri. Endurmat á árangrinum fer fram á tveggja ára fresti. Það er samstarfsverkefni skólastjórnenda, umsjónarmanns fasteigna, bókara og umhverfisfulltrúa að viðhalda árangrinum og þeim markmiðum sem sett voru við innleiðingu skrefanna.

Umhverfisdagatal FÁ

UMHVERFISDAGSETNINGAR FÁ

JANÚAR

VEGANÚAR: ALLUR
MÁNUÐURINN

FEBRÚAR

ALÞJÓÐEGUR DAGUR
VOTLENDIS 2. FEB

DAGUR FÉLAGSLEGS RÉTTLÆTIS
ER 20. FEB
(LOFTSLAGSRÉTTLÆTI)

ALÞJÓÐLEGI
ÍSBJARNADAGURINN ER 27. FEB

MARS

ALÞJÓÐLEGI
ENDURVINNSLUDAGURINN 18.
MARS

WORLD WATER DAY 22. MARS

UMHVERFISDAGAR FÁ

APRÍL

PLOKKDAGUR NEMENDA OG
STARFSFÓLKS

JARÐARDAGURINN (EARTH
DAY) 22. APRÍL

DAGUR UMHVERFISINS 25.
APRÍL

MAÍ

ALÞJÓÐLEGI
BÝFLUGNADAGURINN 20. MAÍ

DAGUR LÍFFRÆÐILEGS
FJÖLBREY TILEIKA 22. MAÍ

JÚNÍ

SUMARFRÍ

JÚLÍ

SUMARFRÍ

ÁGÚST

12. ÁGÚST: DAGUR FÍLSINS

19. ÁGÚST: DAGUR
ÓRANGÚTANSINS

SEPTEMBER

ALLUR MÁNUÐURINN:
PLASTLAUS SEPTEMBER.

16. SEPT: DAGUR ÍSLENSKRAR
NÁTTÚRU

BÍLLAUSI DAGURINN (Í
KRINGUM 20. SEPT)

OKTÓBER

PLOKKDAGUR STARFSFÓLKS OG
NEMENDA

NOVEMBER

1. NÓV: ALÞJÓÐLEGI
VEGANDAGURINN

ALÞJÓÐLEGA NÝTNIVIKAN -
SKIPTIMARKAÐIR

UMHVERFISDAGAR NFFÁ

DESEMBER

JÓLASVEINASKIPTIMARKAÐUR

JÓLAHUGVEKJA UM NÝTINGU /
VINNUSTOFA TENG
UMHVERFISVÆNU JÓLAHALDI

Umhverfisstefna FÁ

FÁ hefur um árábil verið leiðandi meðal íslenskra framhaldsskóla í umhverfisstarfi enda fyrstur þeirra til að hljóta Grænfánann árið 2006. Síðan hefur fáninn fengist endurnýjaður á tveggja ára fresti. Það er markmið skólans að vera áfram í fararbroddi á sviði umhverfismála og taka ný skref fram á við á hverju ári. Annars vegar mun áhersla verða lögð á að rekstur skólans og daglegt líf innan hans verði með vistvænum hætti. Hins vegar verður kappkostað að styrkja gildismat og viðhorf nemenda og starfsfólks til verndunar náttúrunnar og umhverfisvæns lífsstíls.

Umhverfissáttmáli FÁ

Skólar eru hornsteinar hvers samfélags. Ungir hugir eru þar mótaðir til framtíðar og kapp lagt á að miðla til nemenda þeim gildum sem samfélagið vill að séu ríkjandi á hverjum tíma. Því er mikilvægt að skólar landsins sinni umhverfismálum af alúð og einlægni. Fjölbrautaskólinn við Ármúla tekur það hlutverk sitt alvarlega og vill sýna nemendum og öðrum sem að skólastarfinu koma, gott fordæmi við rekstur og stjórnun skólans. Skólinn mun hafa umhverfissjónarmið og verndun náttúrunnar að leiðarljósi jafnt í daglegum athöfnum og í stefnumótun til framtíðar. Vinna innan skólans mun taka tillit til sjálfbærrar þróunar þegar því verður við komið.

Sjálfbærnistefna FÁ

Markmiðið með sjálfbærnistefnu er að efla og styrkja skólann í framþróun og skapa nemendum og starfsmönnum umhverfi sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Stefnunni er ætlað að efla borgaralega virkni nemenda, styrkja gildismat og viðhorf til verndunar náttúrunnar og umhverfisvæns lífsstíls, efla lýðræðisvitund og samábyrgð, styrkja gildismat og viðhorf gagnvart mannréttindum, jafnrétti, fjölmenningu, velferð og heilbrigði, efnahagsþróun, framtíðarsýn og stuðla að sköpunargleði.

Loftslagsstefna FÁ

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur að markmiði að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála og leggur áherslu á að bæði daglegt líf innan skólans, og rekstur hans, verði með vistvænum hætti. Þáttur í þessu markmiði skólans er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en loftslagsbreytingar eru raunveruleg ógn sem mannkynið og komandi kynslóðir standa frammi fyrir. Fjölbrautaskólinn við Ármúla telur mikilvægt að stofnanir leggi sitt af mörkum til þess að sporna við þessari þróun og að markmiðum Parísarsamningsins verði náð.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er handhafi Grænfánans og fylgir Grænum skrefum í ríkisrekstri og vinnur þar með markvisst að því draga úr umhverfisáhrifum stofnunarinnar og taka framförum á þessu sviði. Stór þáttur í því er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfi stofnunarinnar.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla mun draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á ársverk um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019 og kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur frá árinu 2021. Skólinn einsetur sér að reyna að takmarka vistspor stofnunarinnar eins mikið og unnt er miðað við þá starfsemi sem fram fer í skólanum. Loftslagsstefna Fjölbrautaskólans við Ármúla nær til innkaupa, orkunotkunar, úrgangs sem fellur til við skólastarfið, samgangna starfsfólks og nemenda skólans í ferðum tengdu skólastarfi og umhverfisfræðslu. Hún nær til allrar starfsemi sem fer fram innan veggja skólans, bygginga og framkvæmda.

Loftslagsstefna skólans verður rýnd á hverju ári í þeim tilgangi að uppfæra markmið stefnunnar og tryggja að þau séu metnaðarfull og hægt sé að fylgja þeim eftir. Umhverfisfulltrúar skólans, í samstarfi við Sjálfbærnefnd skólans, taka það verkefni að sér en í Sjálfbærnefndinni eru stjórnendur, gæðastjóri, umhverfisfulltrúar, fulltrúar kennara, fulltrúar nemenda, starfsmaður af þjónustusviði og umsjónarmaður fasteigna.

Árið 2021 byrjaði Fjölbrotaskólinn við Ármúla að halda grænt bókhald. Öll stefnumótun, endurskoðun og eftirfylgni loftslagsstefnunnar verður gerð í samræmi við niðurstöður græna bókhaldsins í framtíðinni. Upplýsingum um árangur aðgerða verður miðlað á heimasíðu skólans þegar þær liggja fyrir.

Samgöngustefna FÁ

Í umhverfisstefnu skólans er annars vegar lögð áhersla á vistvæna starfshætti og hins vegar þróun gildismats og viðhorfs nemenda og starfsmanna í átt að aukinni náttúruvernd. Til að stuðla að lífsstíl í samræmi við hið síðarnefnda hefur skólinn sett sér samgöngustefnu. Markmið skólans er að auka vitund nemenda og starfsmanna um þau áhrif sem samgöngumáti þeirra hefur á umhverfið og heilsuna í samræmi við markmið heilsueflandi framhaldsskóla. Skólinn mun standa að fræðslu og kynningum á ýmsum heppilegum valkostum sem lúta að umhverfisvænum samgöngumáta. Skólinn veitir þeim starfsmönnum sem tileinka sér umhverfisvænan ferðamáta til og frá vinnu samgöngustyrk.